

Nd.

131. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu til stofnunar fyrirmyndarbús í Vestfirðingafjórðungi.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu til stofnunar fyrirmyndarbús í Vestfirðingafjórðungi, sbr. 15. gr. laga nr. 35, 7. maí 1928.

Kaupverð jarðarinnar má vera allt að 20 þús. kr., enda liggja fyrir meðmæli með kaupunum frá Búnaðarfélagi Íslands.

2. gr.

Afkomendur Ólafsdalshjóna, Guðlaugar Zakaríasdóttur og Torfa Bjarnasonar, sitja, að öðru jöfnu, fyrir ábúð á jörðinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árin 1920 og 1921 var landsstjórninni, samkvæmt tillögu frá fjárveitinganefnd Nd., heimilað að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu. Greinargerð nefndarinnar fyrir þessari tillögu ber það með sér, að á bak við hana hefir verið tvennskonar fyrirætlun. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir það, „að ekkja Torfa heitins í Ólafsdal þyrfti að selja eignir sínar sér í óhag og mannvirki hverjum óvöldum manni, sem hafa vildi“, eins og það er orðað í fram-sögninni. - Í öðru lagi var sú hugsun á bak við, að ríkið keypti jörðina til stofnunar kvennaskóla eða húsmæðraskóla við Breiðafjörð samkvæmt gjöf Herðisar Benedictsen. Þeirri skólastofnun hefir nú þegar verið brundið í framkvæmd og á annan veg, eins og kunnugt er.

Í lögum um byggingar- og landnámssjóð frá 1928 er stjórn sjóðsins veitt heimild til þess að lána fé til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum landsfjórðungi. Eru þau skilyrði sett fyrir þeirri lánveitingu, að Búnaðarfélag Íslands mæli með henni. Þykir rétt að binda þau kaup, sem hér er farið fram á, hinu sama skilyrði,

Ólafsdalur er nú, við þær vegabætur, sem gerðar eru á Vesturlandi, orðinn vel í sveit settur til fyrirhugaðs búrekstrar. Jörðin er, eins og mönnum er kunnugt, kostajörð og vel kjörin til slíkra nota. Ber hún enn menjar atorku og myndarskapar hina kunna skólamanns og félagsmálafrömuðar, Torfa heitins Bjarnasonar.